

Miðvikudaginn 6. maí 1992.

Nr. 94/1992.

# **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Sigurði Jóni Baldurssyni**

(Örn Clausen hrl.).

Sinubrenna.

## **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 17. febrúar 1992. Er þess krafist af hálfu ákærvalds, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu og greiðslu sakarkostnaðar, en jafnframt verði refsing ákveðin.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og heimfærslu til refsíákvæðis. Rétt þykir hins vegar, eins og atvikum er háttað í máli þessu, að gera ákærða refsingu samkvæmt 10. gr. laga nr. 8/1966 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, sbr. 19. gr. laga nr. 75/1982. Þykir hún hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi fimm daga varðhald í hennar stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Staðfesta ber málkostnaðarákvæði héraðsdóms. Jafnframt verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

## **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Sigurður Jón Baldursson, greiði 15.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í fimm daga.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 20. janúar 1992.

Ár 1992, mánudaginn 20. janúar, er á dómþingi sakadóms Suður-Múlasýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins af Ólafi Berki Þorvaldssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Sigurði Jóni Baldurssyni.

Málið, sem tekið var til dóms 17. desember sl., var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. mars 1991, á hendur: „ . . . . Sigurði Jóni Baldurssyni, Sléttu, Reyðarfirði, fæddum 25. ágúst 1949, fæðingarnúmer 265, fyrir að hafa föstudaginn 11. maí 1990 og sunnudaginn 13. maí sama ár brennt sinu á túnnum norðan við Sléttuá í Reyðarfirði og fimmtudaginn 17. maí 1990 í móum suðaustur af vegamótum Áreyjavegar og Fáskrúðsfjarðarvegar.

Telst þetta varða við 6. gr., sbr. 10. gr. laga um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi nr. 8, 1966, sbr. lög nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

#### Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa dagana 11., 13. og 17. maí 1990 brennt sinu á túnnum í landi Sléttu, Reyðarfirði. Þrátt fyrir það að ákærði hafi vitað um þær lagareglur, sem gilda um sinubruna á þessu svæði, kveikti hann eigi að síður elda á afmörkuðum landskikum á þeim tíma, sem nefndir eru í ákæru. Hins vegar er ekki sannað eftir athugun á vettvangi og skv. framburði vitna fyrir dómi, að mólendi hafi brunnið og fuglar drepist vegna elds, en ákærði, sem er bóndi, kvaðst telja sinubrunann nauðsynlegan, svo að slá mætti túnin sumarið 1990. Þá er ljóst, að vegna snjóalaga var ekki mögulegt að brenna sinu í landi Sléttu fyrr en 11. maí 1990, en þá var jörð loks laus við snjóa.

Ákærði hefur með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum 6. greinar laga nr. 8, 1966.

Með hliðsjón af framansögðu þykir rétt að fresta ákvörðun um refsingu ákærða, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Björgvinssonar hdl., 20.000 kr., auk virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Sigurðar Jóns Baldurssonar, er frestað, og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu

dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Björgvinssonar hdl., 20.000 kr., auk virðisauka-skatts.

---